

Borgarráð
23. ágúst 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kaup á 25 smáhýsum

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að annast innkaup á 25 smáhýsum sem uppfylla þau skilyrði að vera færarleg, vel einangruð og bjóða upp á lágmarksbjónustu eins og salerni, sturtu og eldunaraðstöðu.

Greinargerð

Á aukafundi borgarráðs sem haldinn var 31. júlí sl. var samþykkt að fela umhverfis- og skipulagssviði að útvega fimm lóðir fyrir allt að fimm smáhýsi á hverri lóð á árinu 2018 eða samtals 25 einingar. Kaup á slíkum smáhýsum eru aðeins hluti þeirra aðgerða sem borgin þarf að grípa til í málefnum heimilislausra og er í eðli sínu alltaf skammtímalausn. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar kanni og framkvæmi kaup á smáhýsum á hagstæðu verði sem uppfylla öll skilyrði til skammtímaúsetu, geta verið tilbúin til notkunar fyrir veturinn og eru í reynd heilsárshús. Eigi að bregðast við fyrir veturinn þarf að taka ákvörðun sem fyrst. Eins og staðan er núna er afgreiðslutími slíkra húsa skammur. Smáhýsi eins og þetta virkar í alla staði betur en t.d. gámar sem hafa verið notaðir í þessum sama tilgangi. Sem dæmi má nefna smáhýsi sem eru framleidd í Lettlandi og eru ca. 3*5 m að stærð eða 15m² og hafa verið seld víða um Evrópu í sambærilegum tilgangi. Hægt er að panta aðrar stærðir. Þau eru vel einangruð með salerni, vaski og sturtu auk eldunaraðstöðu. Hægt er að afhenda 4 smáhýsi á viku og því mögulegt að bregðast við bráðavanda áður en vetur gengur í garð. Verð á hverju smáhýsi með öllu er 3,4 m.kr. + vsk. en samsetning, uppsetning og frágangur er einfaldur.